

Fyrirspurn

til innviðaráðherra um gjaldskyld bílastæði.

Frá Guðmundi Inga Kristinssyni.

1. Er haldin skrá í ráðuneytinu yfir bílastæði sem einkaaðilar reka og leigja út til afnota?
2. Hefur ráðherra, eða stjórnvöld sem heyra undir hann, eftirlit með því hvort einkaaðilar sem reka bílastæði fylgi 2. mgr. 87. gr. umferðarlaga, sem kveður á um að handhafar stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða skuli fá að leggja í gjaldskyld stæði án sérstakrar greiðslu?
3. Hafa ráðuneytinu, eða stjórnvöldum sem heyra undir ráðherra, borist upplýsingar um að aðilar sem reka gjaldskyld bílastæði hafi farið á svig við 2. mgr. 87. gr. umferðarlaga?
4. Telur ráðherra þörf á að kynna betur ákvæði 2. mgr. 87. gr. umferðarlaga fyrir þeim aðilum sem reka gjaldskyld bílastæði?

Skriflegt svar óskast.